

Sveitastjórn Reykhólahrepps
2021
Maríutröð 5a Reykhólum
380 Reykhólahreppi

Stykkishólmi, 19. nóv.

Efni: Ábending vegna fyrirhugaðs aðalskipulags Reykhólahrepps 2021-2033

Þann 20. október síðastliðinn barst Breiðafjarðarnefnd bréf sem sent var til hagsaðila með ósk eftir umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Reykhólahrepps 2021-2033

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um málið á 196. fundi sínum 9. nóvember 2021 og vill í kjölfarið koma ábendingu áleiðis um það að innan marka aðalskipulags Reykhólahrepps er svæði sem Náttúrustofnun Íslands hefur gert tillögu um að fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Í sumum tilfellum er um að ræða undirsvæði stærra verndarsvæðis, en þau eru sérstaklega afmörkuð og á staðreyndarsíðu sem tillögunni fylgir kemur fram forsenda fyrir verndun. Í tillögum sínum leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að draga fram forgangsvistgerðir eða fuglategundir sem eru einkennandi fyrir afmarkað svæði.

Hér að neðan má finna hlekk á Íslandskort sem sýnir staðsetningu þeirra svæða sem Náttúrustofnun hefur gert tillögu um á B-hluta náttúruminjaskrár. Benda má á að það er hægt að skruna til í kortinu og þysja inn á viðeigandi svæði.

<https://natturuminjaskra.ni.is/>

Virðingarfyllst,
f.h. Breiðafjarðarnefndar,



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar